



Lausum störfum hefur fjölgað verulega

Afleiðingar kórónufaraldursins hafa komið mest fram á vinnumarkaðnum, fyrst og fremst í stórauðni atvinnuleysi, en einnig í minni atvinnuþátttöku og styttri vinnutíma. Afleiðingar kreppunnar hafa komið mjög ójafnt niður á bæði atvinnugreinum, fyrirtækjum og launafólki.

Atvinnuleysi jókst verulega eftir að faraldurinn skall á. Atvinnuleysi náði hámarki í janúar 2021 þegar það var 11,6% og 12,8% með hlutabótum. Reyndar fór atvinnuleysið mun hærra upp í apríl og maí 2020, en þá lék hlutabótakerfið mun stærra hlutverk. Atvinnuleysið hefur minnkað verulega á þessu ári og var komið niður í 7,4% í júní.

Fjöldi starfa á vinnumarkaðnum er að sjálfsögðu mjög háður stöðu hagkerfisins hverju sinni. Sé litið á fjölda starfa á öllum vinnumarkaðnum á síðustu árum var fjöldi starfa¹ mestur á 3. ársfjórðungi 2019, um 226 þúsund störf. Á fyrri hluta þessa árs voru störfin hins vegar um 183 þúsund, eða u.þ.b. 80% af því sem mest var.

Mismunandi þróun starfajfjölda í greinum.


Þróun fjölda starfa hefur verið mismunandi í einstökum atvinnugreinum á síðustu árum. Mikil fækkun starfa í opinberri stjórnsýslu 2019-2020 vekur athygli, en hún kemur til vegna breytinga á flokkun sumra opinberra fyrirtækja og fyrirtækja sem voru flutt úr opinberri þjónustu yfir í einkageirann.

Það kemur ekki á óvart að fækkun starfa á síðustu árum hefur verið mest í verslun og veitinga- og gististöðum (þarna er margar greinar flokkaðar saman) og í ferðaþjónustu. Störfum hefur einnig fjölgað í byggingarstarfsemi, en bæði fjármála- og váttryggingarstarfsemi og sjávarútvegur hafa verið nokkuð stöðug.

Lausum störfum er að fjölga mikið nú


Lausum störfum á vinnumarkaðnum fækkaði nokkuð í lok ársins 2019 og staðan hefur verið

Skráð atvinnuleysi




Heimild: Vinnuálagstofnun

Fjöldi starfa á öllum vinnumarkaðnum



Heimild: Hagstofa Íslands

Fjöldi starfa í nokkrum atvinnugreinum



Heimild: Hagstofa Íslands

¹ Hagstofa Íslands framkvæmir starfaskráninguna ársfjórðungslega á fyrirfram ákveðnum tímamarki sem jafnan er um miðbik hvers ársfjórðungs. Þýði rannsóknarinnar nær til allra lögaðila á íslenskum vinnumarkaði sem eru með fleiri en einn starfsmann í vinnu. Úrtak starfaskráningar er tekið einu sinni á ári í byrjun hvers árs.



tiltölulega óbreytt allt fram á þetta ár þegar þeim fjölgaði nokkuð á 1. ársfjórðungi og svo varð veruleg fjölgun á 2. ársfjórðungi í ár þegar um 7.600 störf voru í boði og hafði fjöldi þeirra tvöfaldast frá fyrri ársfjórðungi.

Þróunin var mismunandi eftir greinum. Þannig var mjög lítil breyting á lausum störfum í sjávarútvegi og í fjármála- og váttryggingarþjónustu. Sé litið á þróunina á þessu ári sést að flest störf hafa orðið til í verslun, veitinga- og gististöðum og í ferðaþjónustu. Þá hefur lausum störfum fjölgað verulega í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð og nokkur fjölgun hefur orðið í opinberri þjónustu.

Hlutfallsleg fjölgun starfa mest í ferðaþjónustu

Hlutfall lausra starfa af heildarfjölda starfa hefur aukist mikið á þessu ári. Á árinu 2019 voru laus störf upp undir 2% af fjölda starfa meginhluta ársins en síðan lækkaði hlutfallið á 4. ársfjórðungi og var nokkuð svipað allt fram á árið 2021. Á fyrsta ársfjórðungi í ár fór hlutfallið upp í tæp 2% og svo upp í 4% á 2. ársfjórðungi samhliða því sem hagkerfið var að komast af stað.

Ferðaþjónustan nýtur nokkurrar sérstöðu varðandi hlutfallslega fjölgun starfa, en á 2. ársfjórðungi var fjöldi lausra starfa um 12% af fjölda starfa í greininni. Á sama tíma voru laus störf í byggingarstarfsemi um 6% og þau voru um 5% í verslun, veitinga- og gististöðum.


Er mönnun starfa erfið?

Nokkuð hefur borið á fréttum um að erfitt hafi verið að manna störf eftir að hagkerfið tók við sér aftur og hafa þessar raddir einkum heyrst úr ferðaþjónustu.


Þessi staða hefur verið uppi víðar á Vesturlöndum. Svo virðist sem staða launafólks hafi styrkst, t.d. í Bretlandi og Bandaríkjunum og að fyrirtæki hafi þurft að bjóða betur en áður til þess að fá fólk til baka í þau störf sem í boði eru. Tilboð í kringum ráðningar hafa einnig batnað mikið og t.d. hafa heyrst fregnir af því að tiltölulega margir Bandaríkjamenn hafi í hyggju að segja upp starfi sínu og leita á önnur mið þar sem kjör séu betri.

Ekki er heldur hægt að útiloka að hræðsla við faraldurinn eigi enn hlut í þeirri stöðu að erfitt sé að manna störf.


Fjöldi lausra starfa á vinnumarkaðnum




Fjöldi lausra starfa í nokkrum atvinnugreinum



Hlutfall lausra starfa á öllum vinnumarkaðnum



Hlutfall lausra starfa í nokkrum atvinnugreinum





Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.